

Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Mánudaginn 18. september, kl. 9:00 í Háskólanum í Reykjavík

Mættar: Helga Lind Hjartardóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Margrét Arnardóttir var á Skype.

1. Stefnumótunarmál: Hópurinn er búinn að hittast einu sinni. María Guðfinnsdóttir frá Menntamálaráðuneytið hafði samband við Ingibjörgu að fyrra bragði. Hún lagði til að stofnaður yrði starfshópur frá okkur og ráðuneytinu, hún er embættismaður þannig að hún verður væntanlega áfram. En tengslin inn í Velferðaráðuneytið er aðstoðarmaður ráðherra og er hætt við að þau tengsl rofni vegna stjórnarslita.
2. PR málin: Okkur líst vel á uppkastið frá Bjarney sem Systa sendi á okkur en við þurfum að fara betur yfir það. Systa á eftir að senda þetta á nefndina. Við teljum mikilvægt að hafa sérfræðing í þessu frekar en að gera þetta sjálfar. Rætt var um mikilvægi þess að komast í PR hjá miðlunum, t.d. í viðtal í útvarpi á deginum okkar, en það þarf að passa að sú stöð náist út á land. Hægt verður að taka upp í FMOS. Hildur Katrín talaði við Steiney, hún svaraði fljótt og spurði hvort þetta væri auglýsing en Hildur Katrín hefur ekki fengið svar eftir það. Systa hefur sett sig í samband við tvo einstaklinga á snapchat, þær hafa ekki svarað henni. Þórunn Lár getur ekki tekið þetta að sér. Rætt var um hversu óþjálta starfsheitið náms- og starfsráðgjöf er, spurning með að finna þægilegra nafn á starfið, einhverja styttingu.
3. NFSY: Undirbúningsnefnd um norrænt samstarf er búin að funda, og er dagskráin fyrir fundinn í nóvember tilbúin. Við þurfum að tilnefna nýjan formann í stað Raimo núverandi formanns. Guðbjörg Vilhjálmsdóttir verður með kynningu á fundinum. Meginefni fundarins verður að fara yfir tilnefningarnar. Dagskráin verður send á norræna hópinn innan skamms. NFSY verðu með fund í Gautaborg næsta haust í tengslum við IAEVG ráðstefnuna. Margrét leggur til að stjórn skipuleggi ferð til Gautaborgar fyrir félagsmenn eins og gert var fyrir Madrid síðast haust. Helga Lind ætar að heyra í Ícelandair og athuga með flug.
4. Dagur náms- og starfsráðgjafa, 26. og 27. október. Fræðslunefndin er í smá erfiðleikum með að auglýsa. Auglýsingin þarf að vera hvetjandi og segja út á hvað hún

gengur. Ráðstefnan verður haldin á Hótel Natura. Við borgum flugið og gistingu fyrir fyrirlesarana meðan þau eru hjá okkur. Flug og gisting er kr. 135 þús. Einnig munum við bjóða þeim út að borða um kvöldið. Ingibjörg og Dagný Broddadóttir bjóða þeim heim eitt kvöldið. Spurning með að stofna skemmtinefnd til að skipuleggja eitthvað á föstudagskvöldinu, Ingibjörg ræðir það við fræðslunefnd. Sú hugmynd kom einnig upp að þeir sem hafa áhuga fari saman út að borða á föstudagskvöldinu. Einn dagur með öllu er 9.000 kr. En við fáum 20% afslátt, og eru þetta þá 8.000 fyrir daginn eða 16.000 kr. fyrir báða dagana. Fáum 150.000 kr. í styrk frá Euroguidance. Samþykkt að rukka félagsmenn um 21.500 kr. fyrir báða dagana.

5. Verkefni Jafnréttisstofu, Rjúfum hefðirnar – förum nýjar leiðir (lýkur vor 2018).

Þuríður Ósk ætlar að vera áfram í verkefninu en þó með lágmarkspáttöku.

6. Önnur mál:

- a) Sif Einarsdóttir hafði samband. Hún vill gjarnan halda kynningu og samráðsfund með fagraðum og handleiðurum vegna skipulags vettvangsmála. Fyrirhugaður fundartími er 9. okt. en það gæti breyst.
- b) Sif Einarsdóttir óskar einnig eftir þátttöku FNS á málfundi í vor þar sem Inga Andreassen kemur og heldur fyrirlestur um hvernig náms- og starfsfræðsla hefur verið innleidd af ríkisstjórn Noregs í alla grunnskóla landsins. Samþykkt.
- c) Hildur Ingólfssdóttir hafði samband við Ingibjörgu spurði hvort við vildum taka þátt í stefnumótunarfundi. Að okkar mati er stefnumótuninni lokið og viljum við fara í framkvæmd. Passa þarf að stefnumótunin verði ekki úrelt en hún er frá árinu 2014.
- d) Ingibjörg og Helga hittu Arnar hjá Capacent. Hann benti á að taka það mikilvægasta úr skýrslunni og óska eftir að ákveðin atriði verði leitt til leiðar. Það þarf að vera rauður þráður gengum skólakerið og út í avinnulífið.

Fundi slitið kl. 10:00

Næsti fundur verður ákveðin síðar en verður í vikunni 9. – 12. október

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir